

## **Flugbjörgunarsveitin í Reykjavík**

### **Reglugerð vegna gestaaðildar**

1. Gestaaðild að Flugbjörgunarsveitinni í Reykjavík (FBSR) veitir takmarkaða og tímabundna aðild að FBSR.
2. Gestaaðild er án atkvæðisréttar
3. Umsókn um gestaaðild skal beina til stjórnar FBSR ásamt rökstuðningi fyrir veitingu gestaaðildar.
4. Gestaaðild má veita félögum úr öðrum björgunarsveitum eða öðrum aðilum sem efla og bæta starf FBSR.
5. Stjórn FBSR áskilur sér rétt til þess að afla upplýsinga um umsækjanda jafnt innan sem utan FBSR.
6. Félagar annarra björgunarsveita geta sótt um inngöngu í sveitina eftir að hafa starfað á gestaaðild í að lágmarki eitt ár.
7. Við ákvörðun stjórnar, hvort mælt sé með inngöngu félaga á gestaaðild í sveitina, skal litið til þess hvort hann hefur verið virkur í starfi sveitarinnar frá upphafi gestaaðildar.
8. Inntaka félaga á gestaaðild í sveitina fer fram á aðalfundi FBSR og skal stjórn eða flokkstjórar í umboði stjórnar mæla með inngöngu félaga.
9. Gestaaðild veitir rétt til að sækja innri námskeið og almennt starf björgunarsveitarinnar.
10. Gestaaðild veitir áheyrnarrétt á fundum en ekki atkvæðisrétt á aðalfundi, í nefndum eða flokkum.
11. Félögum á gestaaðild er heimilt að vera á útkallslista í samræmi við samþykkt og skilgreiningu stjórnar.
12. Félögum á gestaaðild er ekki heimilt að vera í forsvari fyrir flokk eða hóp innan FBSR.
13. Félögum á gestaaðild er ekki heimilt að vera umsjónarmenn björgunartækis nema með sérstöku samþykki stjórnar.

Samþykkt á stjórnarfundi 12. maí 2015